



Stekkjaskóla, 20. október 2025

Ágætu nemendur og forráðamenn

Brunaæfing / rýmingaræfing í Stekkjaskóla

Á morgun þriðjudaginn 21. október verður haldin brunaæfing í skólanum. Undanfarna daga og vikur hafa starfsmenn og nemendur æft sig hvernig bregðast skuli við ef brunabjallan fer í gang.

Fyrst athugar skólastjóri og húsvörður hvaðan viðvörunin kemur og kannar ástæðu. Ef það er bilun fer bjallan ekki aftur í gang. Hins vegar ef bjallan fer aftur í gang innan þriggja mínútna er „eldur“ og þá þarf að rýma skólann.

Nemendur hafa æft sig að fara í stafrófsröð inni í stofu og fara á bílastæðið fyrir framan skólann sem er safnstaður. Þar eru ljósastaurar merktir öllum árgöngum. Þar safnast nemendur saman í röð og aftur er tekið manntal til að kanna hvort allir hafi skilað sér á réttan stað.

Þegar búið er að slökkva „plateldinn“ að þá lætur skólastjóri alla vita og leyfir í framhaldinu öllum að ganga rólega inn eftir ákveðnu skipulagi.

Á morgun getur verið kalt og biðjum við alla nemendur að klæða sig eftir veðri. Nemendur fá að hafa útiföt og skó hjá sér þegar æfingin verður.

Á næstu blaðsíðu má sjá félagsfærnisögu um brunaæfingu.

Kærar kveðjur frá öryggisnefnd skólans, stjórnendum og öllum starfsmönnum

Brunaæfing



Á brunaæfingu þá æfum við okkur í að það komi plat eldur.



Það mun heyrast í brunabjöllunni. Kannski finnst okkur það



hátt og óþægilegt. Það er allt í lagi þegar brunabjallan hringir.

Við erum bara að æfa okkur.



Við förum saman með kennara í stafrófsröð og förum á



bílastæðið fyrir framan skólann.

Ég þarf ekki að vera hrædd/ur þegar bjallan hringir, við erum

bara að æfa okkur.



Löggan og slökkviliðið koma til okkar, þau eru líka að æfa sig.



Það er gaman að vera með á brunaæfingu.

